

3. fundur 7.11.17 stjórn foreldrafélags GSS '17-'18

Mættir voru:

Erla Friðriksdóttir og Dominka (1.bekkur), Edda Baldursdóttir (2.bekkur), Bjarney Inga Sigurðardóttir og Bjarndís Emilsdóttir (3.bekkur), Guðrún Harpa (4.bekkur), Haukur Garðarson og Særún Sigurðardóttir (5.-6.bekkur), Áskell Áskelsson, Anna Reynisdóttir og Páll Aðalsteinsson (7.bekkur), Joanna (8.bekkur), María Valdimars og Dóra Björk (9.bekkur), Kolbrún Ösp og Kristín Víðisdóttir (10.bekkur) og Berglind Axelsdóttir skólastjóri.

Formaður setti fundinn og byrjað var á að fara lauslega yfir fundargerð seinusta fundar.

1. Síðasta fundargerð

Finna má [2. fundargerð](#) á heimasíðu foreldrafélagsins.

Formaður setti fundinn og farið var yfir fundargerð seinasta fundar.

Á seinasta fundi var rætt um í gjaldtöku á sundfötum og þvott barna eftir sund meðal annars. Fyrirspurnir voru sendar á skólastjóra og í framhaldi af þeim var fundað með þeim sem áttu hlut í máli.

Skólastjóri vill taka það skýrt fram að almenn óánægja ríki einnig meðal kennara og annara starfsmanna. Borið er fyrir sig að kostnaðurinn við þvott sundfata sem lánuð eru út sé það mikill að hann hafi áhrif á reksturinn. Foreldrafélagið vill í framhaldi af þessari umræðu fá að vita hver kostnaðurinn er, og hvað sé gert ráð fyrir að kostnaðurinn við þvott sé í rekstri íþróttahússins.

Á seinasta fundi kom einnig fram að nú megi börn ekki hringja úr íþróttahúsinu, sem skapar klemmu ef þau gleyma sundfötunum. Berglind ætlar að komast að því hvort það sé satt og rétt, því auðveldur aðgangur að síma sé öryggistæki fyrir nemendur.

Mikilvægasti punkturinn í þessu máli er að börnin þurfi ekki að lenda uppá kant við starfsmenn vegna sundfatagleymsku, að þetta sé mál sem verði að leysa í samvinnu við foreldra.

Berglind greindi svo frá fundi sem tekinn var með bæjarstjórn um gæslu í sundlauginni. Á honum var sagt frá niðurstöðum kannana sem bæði hafa komið frá skólanum sjálfum og einnig í gegnum Skólapulsin. Þær sýna að GSS er undir landsmeðtali í einelti almennt, en yfir landsmeðaltali einelti innan búningsklefanna. Þarna má sjá að gæslu er vanhagað. Í framhaldi af því var ákveðið að ráða annan starfsmann og hafa flestir örugglega tekið eftir því að byrjað er að auglýsa.

Auglýsing bæjarins hljóðaði uppá einn starfsmann frá 8-13 mánudag til fimmtudags, en það þýðir að gæsla yrði í búningsklefum beggja kynja á þessum tíma. Réttilega var bent á að milli 13-15 eru tólmstundir og íþróttir. Foreldrafélagið vill vita af hverju gæslan verður ekki á meðan skipuleg starfsemi barnanna er í gangi.

Berglind svaraði fyrirspurnum um vinnu barnanna í sambandi við nafn gamla bókasafnsherbergisins. Misskilningur ríkti meðal stjórnenda að störf barnanna væri hugmyndavinna, og niðurstaðan yrði ekki endilega þeirra hugmynd.

Fram kom spurning um vetrarfríð – hvort það yrði, eða af hverju það væri ekki. Berglind svaraði að þetta hefði verið fjallað um í Skólapulsinum og niðurstaðan þar hafði verið að foreldrar vilji ekki of marga frídaga, frekar að hætta fyrr á vorin.

2. Fyrirlestur

Tónlistarskólinn og foreldrafélag leikskólans tilbúin að taka þátt í kostnaðinum með okkur.

Berglind heldur áfram skipulagsvinnu fyrirlestrarins með fyrirlestrarhöldurum. Unglingafræðslan verður haldin um morguninn, starfsfólkið kl. 16.15 í 2 klst og foreldrar um kvöldið í 1-2 klst.

3. Tilgangur foreldrafélagsins

Rætt var um fyrirhugaða nefnd til að endurskoða reglur foreldrafélagsins, en Haukur og Erla eru þar í fremstu röð. Niðurstaða þessarar væntanlegu endurskoðunnar viljum við að sé bætt skipulag foreldrafélagsins, með auknu samstarfi við skólastjórnann og samskipti foreldrafélagsins við ráð og nefndir sett í lög. Eftirfylgni ætti þannig að geta bæst.

Tekin var þá ákvörðun að í upphafi fundar myndi foreldrafélagið fara yfir fundargerðir – okkar eigin og annarra ráða og nefnda. fundu þegar þar á við, sjá þegar okkar efni er tekið upp og hvað er rætt um það.

Vantaði enn aðila í skólanefnd kosinn úr foreldrafélaginu, og Kristín Viðars bauð sig fram. Tillagan var einróma samþykkt.

4. Jólaföndur

Flestir bekkirnir búnir á ákveða jólaföndur, næstu skref að sanka að okkur efnivið. Lýst var yfir áhuga að versla í heimabyggð og tók ritari að sér að senda Bókaverzlun Breiðafjarðar fyrirspurn um verð á föndurpakka.

Dagsetningarnar þri. 28.nóvember og mið. 29.nóvember urðu fyrir valinu, yngri bekkir fyrri daginn og eldri seinni. Ákveðið var með samráði við Guðmundu að 5.-6.bekkur yrði á seinna kvöldinu.

Þriðjudaginn 28.nóvember kl. 18.00 verður jólaföndur 1.-4. bekkjar.

Miðvikudaginn 29.nóvember kl. 19.00 verður jólaföndur 5.-10.bekkjara.

Minnst var á ákveðinn söknuð á jólaföndur fyrri tíma, þar sem meiri tími var gefinn til að njóta stundarinnar. Einlægur áhugi foreldrafélagsins á að gera notalega stund fyrir foreldra og börn vatt upp á sig og fram komu margar góðar hugmyndir. Ákveðið var að foreldrafélagið myndi gera meira úr kvöldinu, taka á móti föndurum með heitu kakói og með'í, spilandi jólatónlist í bakgrunni og fagnandi komandi hátíð. Særún og Edda fara fyrir kakónefndinni en þær kalla á eftir aðstoð eins og þeim hentar. Allt foreldrafélagið tekur þá þátt bæði kvöldin til að auðvelda kakónefndinni störf.

5. Beiðni frá Kristbjörgu Hermannsdóttir

Stíll er nýr hönnunaráfangi sem boðið er upp á í vali á unglingastigi. Lok áfangans verður tískusýning, og spyr Kristbjörg hvort hægt sé að tvinna henni saman við öskudagsskemmtunina.

Eftir samráð við unglingana verður á öskudaginn í ár þrautabraut fyrir eldri bekkina í stað balls. Þannig verður öllu þessu samtvinnuð, byrjað verður á þrautabraut barnanna, í lok hennar verður forkeppnin þar sem fólk á öllum aldri er velkomið, og í lok hennar mun þrautabraut unglinganna hefjast.

6. Framundan

- 27.11.2017 Jólaföndur yngri bekkja (1-4 bekkur)
- 30.11.2017 Jólaföndur eldri bekkja (5-10 bekkur)
- 05.12.2017 Stjórnarfundur
- 09.01.2018 Stjórnarfundur
- 06.02.2018 Stjórnarfundur
- **14.02.2018 Öskudagur**
- 06.03.2018 Stjórnarfundur
- 03.04.2018 Stjórnarfundur

- **19.04.2018 Sumardagurinn fyrsti**
- 08.05.2018 Stjórnarfundur (Aðalfundur)

Í stað fundar 5.des mun endurbreytingarnefndin starfa, Erla og Haukur hitta Berglindi.

Fyrstu fundir næsta árs fara svo í að undirbúa Öskudaginn, en alltaf hægt að hafa samband ef eitthvað kemur uppá.

Þann 8.maí stefnir foreldrafélagið á aðalfund, eða réttara sagt félagsfund þar sem stjórnin skilar af sér og kosið verður um lagabreytingar.

6. Önnur mál.

Rætt var um teymiskennsluna og reynslu foreldra og barna. Foreldrar hafa orðið varir við óánægju hjá börnum sínum um hana. Ákveðið að senda fyrirspurn um teymiskennsluna og hver skoðun kennara er á henni.

Fundi slitið.